

Umsögn stjórn félags kynjafræðikennara (kt 550921-2000)
um áform um frumvarp til breytinga á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

Pá er ástæða til að aðlaga ákvæði laga um framhaldsskóla betur að þeim veruleika þegar ofbeldismál koma upp í framhaldsskólum. Er því áformað að endurskoða ákvæði laganna er snúa að rétti nemenda, ábyrgð þeirra og skólabrag, með það að markmiði að efla forvarnir og viðbrögð við ofbeldi á meðal nemenda í framhaldsskólum.

Samkvæmt gögnum Stígamóta til áratuga eru 70% þeirra brotþola kynferðisofbeldis sem leita til samtakanna undir 18 ára aldri við fyrsta brot. Oftast er gerandinn vinur eða kærasti brotþola, og á svipuðum aldri en meirihluti gerenda kynferðisofbeldis er undir þrítugu. Hvergi er því að finna stærra samansafn bæði þolenda og geranda kynferðisofbeldis en í skólum landsins en ljóst er að marga skóla skortir áætlanir, þekkingu og verkferla til að takast á við kynferðisofbeldi á áfallamiðaðan og brotþolavænan hátt.

Stjórn félags kynjafræðikennara hvetur til þess að löggjöf varðandi fræðslu, forvarnir og viðbrögð skólakerfis við kynferðislegu og öðru kynbundnu ofbeldi kveði fast og skýrt að orði. Öll markmið slíkra aðgerða verða að byggja á ríkri þekkingu á umfangi, eðli, afleiðingum og fjölbreyttum birtingarmyndum kynferðisofbeldis, en ekki síst á kynbundnu ofbeldi í menningarlegu samhengi. Því slíkt ofbeldi verður ekki til í tómarúmi heldur á rætur í valdatengslum og ríkjandi samfélagsviðhorfum. Lykilatriði er að tryggja þekkingu skólafólks á málefnum og tryggja að bæði grunnmenntun og endurmenntun kennara, og allra sem starfa með ungmennum, inniberi fræðslu um ofbeldi, kyn og samfélag.

Viðbrögð við kynferðisbrotum

Lífshættulegustu afleiðingar kynferðisofbeldis, s.s. sjálfsvígshugsanir, sjálfsköðun, átraskanir og vímuefnaneysla, eru algengari meðal þeirra sem urðu fyrir ofbeldinu fyrir 18 ára aldur en þeirra sem voru eldri við brotið. Að flosna upp úr námi er afar algengt meðal ungra brotþola, sérstaklega þegar gerandinn gengur í sama skóla enda mikið álag til viðbótar við afleiðingar ofbeldisins að þurfa að deila daglegu rými með geranda sínum. Til mikils er því að vinna með að ná snemma til ungra brotþola og styðja þau í átt að betri líðan.

Viðbragðsáætlun vegna tilkynntra mála dugir þó ekki til. Þrátt fyrir að þessi mikli meirihluti þolenda kynferðisofbeldis sé enn á skólaaldri, leita undir 5% þessara ungmenna til skólans síns í kjölfar ofbeldisins. Fæst segja raunar nokkrum frá heldur sitja með reynslu sína í þögn og einangrun, jafnvel svo árum skiptir, og fá því ekki aðstoð með hinar erfiðu afleiðingar kynferðisofbeldis. Opin og fræðandi umræða um kynbundið ofbeldi verður því að fléttast inn í allt starf skólans, svo þessir ungu brotþolar upplifi skilning og öryggi í skólaumhverfi sínu.

Ábyrgð og tækifæri skólakerfis til forvarna og fræðslu

Enn frekari ávinningur felst þó í því að ná til gerenda og mögulegra framtíðargerenda snemma og reyna að stýra þeim frá því að beita ofbeldi, en eingöngu þannig verður kynferðisofbeldi upprætt. Nær allir gerendur ofbeldis voru eitt sinn nemendur í skóla og margir eru enn. Næstum öll ungmenni á Íslandi sækja skóla svo borðleggjandi næsta skref í baráttunni gegn kynferðisofbeldi

er að efla forvarir skólanna - sem geta haft áhrif á nemendur sína til framtíðar með fræðslu og skýrri afstöðu gegn skaðlegri hegðun, viðhorfum og orðræðu. Enda hafa íslensk stjórnvöld lögfest ýmsar aðgerðir um fræðslu til ungs fólks og forvarnir í skólakerfinu, sem ætlað er að vinna gegn kynbundnu ofbeldi og öðrum birtingarmyndum samfélagslegs ójöfnuðar. Fræðslu um ofbeldi og kynlíf, mörk og samþykki verður að flétta formlega inn í kennslu, félagslíf, forvarnir og menningu hvers skóla.

Þekking skólastarfsfólks

Grundvöllur þess að fræðsla, forvarnir og viðbrögð skóla við kynferðisofbeldi skili sér á gagnlegan hátt til nemenda er þekking starfsfólksins á málaflöknum. Röng nálgun í þessu krefjandi viðfangsefni, byggð á vanþekkingu og skorti á undirbúningi, skilar líklega litlu til nemenda og getur í versta falli valdið brotapolum enn meiri skaða og vanlíðan. Þetta skilja kennarar og leggja því margir alls ekki í umræðuna. Nauðsynlegt er því að valdefla skólastarfsfólk í samfélagsbaráttunni gegn kynferðisofbeldi, en kennaranám á Íslandi býr kennara almennt ekki undir slíka vinnu í skólum. Almenn ofbeldisforvörn í flestum skólum í dag er að kalla inn utanaðkomandi fagfólk með afmarkaða fyrirlestra, jafnan á árlegum þemadögum helguðum jafnréttismálum. En þetta er grunn og takmörkuð nálgun að afar djúpstæðum vanda.

Í hinum háværu mótmælum nemenda síðastliðið haust varð ljóst að unga fólkið skilur að vandinn er djúpstæður og lausnirnar verði því að vera margþættar. Ungu fólkið sá að málinu yrði ekki bjargað með nokkrum viðbótasetningum í viðbragðsáætlunum, heldur kröfðust þessir nemendur m.a. að starfsfólk skólanna fengi fræðslu og þjálfun í viðbrögðum við kynferðisofbeldi; að kynjafræði yrði gerð að skyldufagi fyrir alla nemendur; og að kynfræðsla um mörk og samþykki yrði viðurkennd sem forvörn gegn kynferðisbrotum. Nemendurnir kröfðust upplýstra kennara, áfallamiðaðs skólastarfs, og skýrra og fjölbreyttra úrræða fyrir brotþola ofbeldis.

Undir þetta tókum við undirrituð - sem sinnum kennslu í kynjafræði, kynfræðslu og ofbeldisfræðslu í skólum og víðar; og komum að verkferlum varðandi forvarnir og viðbrögð skóla í ofbeldismálum. Í mars 2023 komu undirrituð að ráðstefnu Stígamóta um kynbundið ofbeldi og ábyrgð skólans. Hátt í 500 starfsmenn íslenskra skóla tóku þátt í ráðstefnunni og komust færri að en vildu, en meirihluti framhaldsskóla og unglíngadeilda grunnskóla landsins áttu fulltrúa á ráðstefnunni. Lýstu margir yfir mikilli ánægju með framtakið og óskuðu eftir framhaldi, sem sýnir að bæði er rík þörf og mikill áhugi í skólakerfinu á aukinni þekkingu á kynbundnu ofbeldi.

Auka þarf þekkingu kennara á umfangi, eðli og afleiðingum kynferðisofbeldis; og ólíkum birtingarmyndum slíks ofbeldis meðal ungmenna – t.d. stafrænu ofbeldi, ofbeldi í nánum samböndum, rasísku kynferðisofbeldi og áreitni, og kynferðiseinelti á borð við druslustimplun og hinsegineinelti. Skólar bera ábyrgð gagnvart nemendum með áfallasögu að baki, og þurfa því að vita hvað hamlar ungum brotapolum í að opna sig um ofbeldið og leita eftir aðstoð í nærumhverfi sínu. Kennarar þurfa að þekkja hvernig síaukin klámneysla ungmenna er grafalvarlegur vandi og hefur áþreifanleg áhrif á samskipti kynjanna, kynferðisofbeldi og viðhorf til kvenna og jaðarhópa; og þurfa að skilja nauðsyn þess að flétta saman ofbeldisfræðslu, samþykkismiðaða kynfræðslu og kynjafræðikennslu.